

Nd.

1020. Nefndarálit

[320. mál]

um frv. til laga um raforkuver.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Við undirritaðir erum andvígir frumvarpi iðnaðarráðherra til laga um raforkuver eins og það liggur fyrir. Að undanfögnu hefur ríkt mikil óvissa um næstu framkvæmdir í virkjunarmálum. Aðalástæða þess er sú, að engin stefna hefur verið mótuð um nýtingu þeirrar orku, sem næstu virkjanir gefa, umfram það, sem hinn almenni markaður notar. Um það efni hefur ríkt fullkomið ráðleysi í ríkisstjórninni, en iðnaðarráðherra og flokkur hans hefur verið andvígur þeirri stóriðjustefnu, sem lagði grundvöll að byggingu stórvirkjana í Þjórsá og Tungnaá. Gott dæmi um þetta er að finna í álitni orkuspárnefndar, sem nú hefur látið frá sér fara raforkuspá til aldamóta, sem þingmenn hafa fengið í hendur. Í álitinu er gerð grein fyrir forsendum raforkuspárinnar. Þar kemur eftirfarandi m. a. fram:

„Nefndinni var vel ljóst, að ekki yrði gerð raforkuspá, sem það nafn ætti skilið, nema fyrir lögju forsendur um þróun einstakra atvinnugreina, sem sumar hverjar nota mikla raforku. Nefndinni var einnig ljóst, að slíkar atvinnuspár verða ekki gerðar nema út frá vissum forsendum um almenna efnahagsþróun, er miðast við að hverju er stefnt í efnahags- og atvinnumálum. Um þetta eru menn engan veginn sammála, sem kunnugt er. Sumir telja t. d., að Íslendingar geti tryggt sér mjög góð lífskjör í framtíðinni með því að nýta orkulindir landsins í stórum stíl til orkufreks iðnaðar. Aðrir telja umfangsmikla stóriðju varasama og að ná megi þokkalegum efnahag án þess að hún komi til, nema í takmörkuðum mæli.“

Síðan tekur orkuspárnefnd fram að hún sé ekki rétti aðilinn til að skera úr þessu deilumáli, það sé hlutverk stjórnvalda að marka stefnu m. a. í stóriðjumálum. Því næst vitnar orkuspárnefnd í stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar og segir síðan:

„Þótt þessi stefnugrein feli í sér ákveðna viljayfirlýsingu er hún allt of almennt orðuð til að koma megi að notum við spá um eftirspurn eftir raforku.“

Frumvarp það, sem nú hefur verið lagt fram, breytir engu frá ríkjandi óvissuástandi. Frumvarpið felur í sér heimildir til ákveðinna virkjana, en síðan segir, að „ákvarðanir um framkvæmdir í virkjunarmálum, þar á meðal um framkvæmdaröð, skuli staðfestar af Alþingi“. Í framsöguræðu lét iðnaðarráðherra að því liggja, að hann gæti hugsað sér að staðfesting Alþingis tengdist afgreiðslu fjárlaga og/eða lánsfjárlaga. Reynsla undanfarinna ára hefur verið sú, að lánsfjárlög hafa verið samþykkt síðari hluta vetrar, þannig að með þessum fyrirvara hefur iðnaðarráðherra tryggt sér frest til endanlegrar ákvarðanatöku um allt að eitt ár í viðbót.

Alvarlegast við þetta frumvarp er þó að það sniðgengur alveg forsendur stærri virkjana, þ. e. orkufrekan iðnað, og í framsöguræðu sinni hafnaði iðnaðarráðherra í raun þeirri stóriðjustefnu, sem er grundvöllur okkar nýjustu orkuvera. Við teljum ekki verjandi að Alþingi afgreiði þennan mikilvæga málaflokk á þennan hátt. Iðnaðarráðherra hefur þegar tafið ákvarðanatöku í þessum efnum og frumvarpið veitir honum áframhaldandi möguleika til þess, ef að lögum verður. Ef Alþingi samþykkir frumvarpið getur iðnaðarráðherra haldið áfram að tefja ákveðna virkjunarkosti eins og Blöndu, komið í veg fyrir aðra, sem ótvírætt byggja á orkufrekum iðnaði, eins og Fljótsdalsvirkjun, og stöðva þriðja virkjunarkostinn, Sultartanga, með vísun til þess ákvæðis stjórnarsáttmálans, að næsta virkjun skuli byggð utan eldvirkra svæða.

Við munum þess vegna standa að breytingartillögum við þetta frumvarp ásamt með öðrum þingmönnum í neðri deild. Aðaltilgangur þessara breytingartillagna er að taka af allan efa um, að hafist verði handa sem allra fyrst við þrjár næstu stórvirkjanir. Varðandi 1. gr. teljum við eðlilegt, að henni verði breytt á þann veg, að gefin verði almenn heimild til að byggja nýjar virkjanir eða bæta við núverandi orkuver á Þjórsár-Tungnaárvæðinu með allt að 250 MW uppsett afl, þ. á m. að stækka Hrauneyjafossvirkjun og byggja Sultartangavirkjun. Einnig verði tekið af skarið um það, að forsenda Fljótsdalsvirkjunar sé stóriðja á Austurlandi. Annað meginstefnu breytingartillagnanna er stofnun orkusölunefndar, sem kosin sé af sam- einuðu þingi og annist samningagerð um sölu raforku til orkufreks iðnaðar og byggingu og rekstur iðjuvera. Miðað sé við að sala orkufreks iðnaðar fjórfaldist til ársins 1999. Nefndin skal sérstaklega hraða samningagerð um byggingu þriggja nýrra iðjuvera á sviði orkufreks iðnaðar, eins á Austurlandi, eins á Norðurlandi og eins á Suðvesturlandi eða Suðurlandi auk stækkana á þeim iðjuverum, sem fyrir eru. Með þessum breytingartillögum er sett fram ákveðin orkunýtingarstefna, sem vantar með öllu í frv. iðnaðarráðherra.

Ef þessar tillögur verða felldar, teljum við óverjandi að afgreiða orkumálin áfram til iðnaðarráðherra á þann hátt sem frumvarpið ráðgerir. Með því væri Alþingi að afgreiða virkjunarmálin frá sér þannig að lögfesta áframhaldandi aðgerðaleyfi í virkjunarmálum. Við munum því greiða atkvæði gegn frumvarpinu, ef breytingar- tillögur okkar ná ekki fram að ganga.

Færi svo að frumvarpið yrði fellt, getur Alþingi gengið til afgreiðslu á þeim tveimur öðrum frumvörpum, sem fyrir liggja um ný raforkuver, þ. e. frv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins og frv. þingmanna Alþýðuflokksins, en við teljum fullkominn grundvöll fyrir því að ná viðtækri samstöðu um annað hvort þeirra. Við erum einnig reiðubúnir til þess að standa með ríkisstjórninni að öflun nauðsynlegra heimilda til að fá lánsfé til áframhaldandi undirbúnings virkjana, eins og rætt er um í 2. gr. frv., en það er raunar hið eina ákvarðandi atriði, sem í frumvarpinu felst. Við bendum jafnframt á, að í núgildandi lánsfjárlögum eru heimildir til lántöku vegna Kvíslaveitu og nauðsynlegra aðgerða í Þjórsá, sem framkvæma á nú í sumar og laga- heimildir eru þegar fyrir. Þannig vilja undirritaðir alþm. og þingflokkar þeirra stuðla að því, að allar undirbúningsframkvæmdir geti haldið áfram án tafa. Þeir telja jafnframt að taka eigi ákvarðanir um framkvæmdirnar sjálfar, en leggjast eindregið gegn því, að Alþingi afgreiði málið frá sér til ríkisstjórnarinnar án ákvörð- unar, þannig að stefnuleysi Alþýðubandalagsins í virkjunarmálum og andstaða þess gegn orkufrekum iðnaði geti haldið áfram að tefja eða spilla hagfelldustu virkjunarkostum án þess að Alþingi fái að gert.

Að lokum bendum við á, að við teljum eðlilegt að með auknum verkefnum í öðrum landshluta verði skipulagi Landsvirkjunar breytt og öðrum sveitarfélög- um eða samtökum þeirra gefinn kostur á aðild að Landsvirkjun. Taka þarf því upp samninga milli eígnaraðila Landsvirkjunar um nýtt skipulag og í framhaldi af því breyta lögum um Landsvirkjun.

Alþingi, 21. maí 1981.

Birgir Ísl. Gunnarsson,
frsm.

Magnús H. Magnússon.

Jósef H. Þorgeirsson.